

Tillaga til 492. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. mars 2022

Tillaga frá 1191. fundi bæjarráðs, sem fram fór 14. mars 2022, um að bæjarstjórn samþykki viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra vegna byggingar fjölnota íþróttahúss (knaðthúss) á Torfnesi á Ísafirði, og að bæjarstjóra verið falið að vinna málið áfram með íþróttafélaginu.

4. Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði - 2020040001

Á 1189. fundi bæjarráðs, þann 28. febrúar 2022, var lagt fram erindi Svavars Þórs Guðmundssonar, formanns knattspyrnudeildar Vestra, dags. 18. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir viðræðum við Ísafjarðarbæ um byggingu fjölnota íþróttahúss og undirritun viljayfirlýsingar Vestra og Ísafjarðarbæjar um verkefnið. Bæjarstjóra var falið að gera drög að viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Vestra um byggingu fjölnota íþróttahúss, og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Er nú lögð fram viljayfirlýsing Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra um byggingu fjölnota íþróttahúss (knaðthúss) á Torfnesi á Ísafirði.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra vegna byggingar fjölnota íþróttahúss (knaðthúss) á Torfnesi á Ísafirði, og að bæjarstjóra verið falið að vinna málið áfram með íþróttafélaginu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra jafnframt að kalla eftir afstöðu HSV gagnvart viljayfirlýsingunni.